

Dómsorð:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði stefnanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1947 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1949.

Nr. 98/1947. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði**
(Lárus Fjeldsted)

gegn

Kaupfélagi Siglufirðinga (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Endurgreiðslukrafa samkv. 74. gr. víxillaga. Ómerking vegna galla á málsmeðferð.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1947.

Mál þetta var þingfest fyrir héraðsdómi hinn 20. febrúar 1947. Kom þá fyrir dóm af hendi stefnanda Hafliði Helgason útibússtjóri og lagði fram m. a. stefnu, sáttakæru, greinargerð svo og ágrip dómsgerða í hæstaréttarmálinu nr. 31/1946, en í því ágripi voru mörg skjöl, sem ekki virðast skipta mál það, er hér liggur fyrir til úrlausnar. Af hendi stefnda kom þá fyrir dóm Hjörtur Hjartar kaupfélagsstjóri. Fengu fyrirsvarsmenn aðilja síðan sameiginlegan frest til 24. apríl s. á. til gagnasöfnunar. Hinn 23. apríl var málið af nýju tekið til meðferðar á dómþingi Siglufjarðar. Lagði þá nefndur fyrirsvarsmaður stefnda fram greinargerð ásamt reikningseftirriti. Fyrirnefndur fyrirsvarsmaður stefnanda fékk þá með samþykki stefnda frest til 22. maí s. á. Þann dag fór fram

vítnaleiðsla. Málinu var síðan frestað til 19. júní. Lagði fyrirsvarsmaður stefnanda þá fram sóknarskjal. Veittur var því næst frestur til 30. júní s. á. Létu fyrirsvarsmenn aðilja þá bóka stuttar athugasemdir og mótmæli. Var málið að því loknu tekið til dóms og dómur kveðinn upp hinn 12. ágúst s. á.

Meðferð máls þessa hefur verið mjög andstæð ákvæðum laga nr. 85/1936. Gagnasöfnun fyrirsvarsmanna aðilja var mjög léleg, og bar dómaranum því samkvæmt 114. gr. nefndra laga að leiðbeina fyrirsvarsmönnum, sem eru ólöglærðir, um öflun skýrslna og málsgagna. Dómari hefði átt að leiðbeina aðiljum um að leita rækilegra skýrslna um aðdraganda að stofnun Gilslaugar h/f og um hag félags þessa, einkum 12. júlí 1944. Hefði verið rétt að leggja fram stofnsamning, efnahags- og rekstursreikninga hlutafélagsins, svo og skýrslu endurskoðenda í þotabúi þess. Þá hefði dómari átt að benda fyrirsvarsmönnum aðilja á að leiða í ljós, svo sem kostur er, öll atriði varðandi víxla þá, sem stefndi samþykkti og seldir voru Sparisjóði Siglufjarðar. Rétt hefði verið að fá skýrslur um það, hvers vegna Gilslaug h/f gerðist ekki eftir stofnun þess víxilskuldari á víxlum þessum, ef víxilfjárhæðin hefur runnið til hlutafélags þessa, svo sem haldið hefur verið fram. Þá bar dómaranum og að gefa fyrirsvarsmanni stefnanda bendingu um að leiða sönnur að þeirri staðhæfingu sinni, að andvirði víxils þess, sem seldur var áfrýjanda 13. júlí 1944, Gilslaug h/f samþykkti og stefndi gaf út, hafi runnið til greiðslu á víxli þeim, er stefndi hafði samþykkt og selt Sparisjóði Siglufjarðar. Loks hefur héraðsdómari látið undir höfuð leggjast að kveða á um, hvort málflutningur skyldi vera skriflegur eða munnlegur, og láta málflutning fara fram samkvæmt þeirri ákvörðun.

Vegna framangreindra megingalla verður sjálfkrafa að ómerkja alla meðferð málsins frá þingfestingu svo og hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Stefndi hefur krafizt málskostnaðar, og þykir rétt, að áfrýjandi greiði honum kr. 1200.00 málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá þingfestingu fyrir héraðsdómi eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar. Áfrýjandi, Útibú Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, greiði stefnda, Kaupfélagi Siglufirðinga, kr. 1200.00 málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 12. ágúst 1947.

Með stefnu, dags. 18. febr. 1947, krefst stefnandinn, Hafliði Helgason útbússtjóri, Siglufirði, f. h. Útvegsbanka Íslands h.f., að stefnd stjórn Kaupfélags Siglufirðinga, Siglufirði, verði dæmd til þess að greiða sér 30.000 kr. með 6% vöxtum frá 12. júlí 1945 vegna vixils í Útvegsbankanum Siglufirði, sem h.f. Gilslaug hafi verið samþykkjandi að, en kaupfélagið útgefandi að og féll í gjalddaga 12. júlí 1945.

Hefur Hæstiréttur með dómi 13. des. 1946 sýknað útgefanda, kaupfélagið, af vixilskuldinni eftir vixilrétti, þar eð þá starfandi kaupfélagsstjóri, sem féll frá afsögn vixilsins f. h. kaupfélagsins, hafi ekki verið löglegur kaupfélagsstjóri og fráfall hans frá vixilafsögn því verið ógilt gagnvart kaupfélaginu, sem stefnandi því hafi misst vixilrétt gegn. Hefur stefnandi nú stefnt stjórn kaupfélagsins til greiðslu á upphæð jafnhárrí vixilupphæðinni auk 6% vaxta frá gjalddaga vixilsins auk málskostnaðar.

Þar sem Hæstiréttur hefur með fyrrgreindum dómi slegið því föstu, að starfandi kaupfélagsstjóri eins kaupfélags, er hafi fengið prókúru hjá ekki löglegri stjórn kaupfélags, sé ófær að falla frá afsögn fyrir kaupfélag, er hann starfar fyrir, — ekki einu sinni í líkingu við, að starf hans — fráfall afsagnar — gæti í því talizt sem hann mætti skoðast sem negotiorum gestor fyrir kaupfélagið, — verður að telja, að því að eins ætti stefnandi kröfu á stefndan samkv. 74. gr. vixillaganna, eins og hann skírskotar til fyrir kröfu sinni, að á bak við vixilútgáfuna hafi verið meir en vixilábyrgðin, svo að viðskipti þau milli stefnds, útgefanda vixilsins, og samþykkjanda hans, væru slík, að útgefandinn ætti að greiða vixilupphæðina samþykkjanda eða vixileiganda.

En í málflutningi stefnanda er því jafnvel ekki haldið fram. Ef útgefandi aðeins skuldar vixilupphæðina vixileiganda sem vixilábyrgðarmaður vegna útgáfu vixilsins og sú vixilábyrgð fellur niður vegna „vangeymslu“ vixileiganda, eins og hér hefur átt sér stað, mun útgefandinn, — in hoc stefnd —, ekki „vinna“ vixilupphæðina „úr hendi“ vixileiganda, þótt fjárheimtan á útgefanda félli niður og samþykkjandi, eins og hér hefur einnig átt sér stað, reyndist ófær um að greiða vixilupphæðina. 74. gr.

víxillaganna vill ekki láta víxilábyrgðarmann græða upphæð víxilsins við það, að víxilábyrgðin falli niður, ef útgefandinn raunverulega hefur skuldað slíka upphæð utan víxilsins samkv. eðli málsins, samkv. alm. viðskiptum, en hún á ekki við það, að vegna víxilábyrgðarinnar, sem fallin er niður fyrir „vangeymslu“, megi víxileigandinn sækja víxilábyrgðarmanninn þrátt fyrir vangeymsluna, eins og stefnandi virðist ætla. Þá væru allar reglur um víxilafsagnir og afleiðingar „vangeymslu“ þýðingarlausar (að öðru en því, að þeirra gætti ekki í sjálfru víxilmálinu) og væru þá form eitt, er enga raunverulega þýðingu hefði.

Stefnandi heldur enn fremur fram um afskipti stefndrar og h. f. Gilslaugar: Stjórn kaupfélagsins (stefnds) hafi samþykkt:

1. „Þar til félagið er formlega stofnað, framkvæmi K. F. S. nauðsynlegar greiðslur vegna undirbúningsstarfs“ (þ. e. a. s. við undirbúningsstarf við stofnun hlutafélagsins Gilslaugar).

2. Til þess að kaupfélagið fengi endurgreiddan útlagðan tilkostnað samkv. 1. lið, hafi kaupfélagið samþykkt víxil að upphæð 30.000 kr. í Sparisjóði Siglufjarðar 6. jan. 1943, er oft hafi verið framlengdur. Hafi sá víxill verið gefinn út af þáverandi kaupfélagsstjóra (prívat), en verið framlengdur til 13. júlí 1944, er hann var greiddur, en 3. sama dag (svo) hafi h.f. Gilslaug samþykkt í Útvegsbankanum, Siglufirði, 30.000 kr. víxil, en kaupfélagið gefið út. Hafi sá víxill verið framlengdur, unz hann fékkst ekki framlengdur lengur og fallið var frá afsögn hans af ólöglegum kaupfélagsstjóra og dóms er krafist vegna (svo). Heldur stefnandi því fram, að fyrrgreindur sparisjóðsvíxill hafi verið greiddur með útvegsbankavíxlinum. Hins vegar mótmælir stefnd því eindregið og heldur fram, að ekkert samband sé milli víxlanna. Eftir flutningi aðilja, sem upplýsir ekki ýmis atriði málsins, virðist mega ætla, að til þess að hjálpa til við stofnun h.f. Gilslaugar hafi þáverandi stjórn kaupfélagsins látið kaupfélagið greiða allmiklar greiðslur fyrir hlutafélagið Gilslaug, sem þá var verið að stofna, en nú er gjaldþrota. Hve miklu þær greiðslur hafi numið, er ekki að fullu upplýst, né hvernig þær voru greiddar kaupfélaginu, en eftir greiðslutímanum að dæma virðist eðlilegt, að a. m. k. nokkuð af sparisjóðsvíxlinum, — hve mikið verður með vissu eigi vitað, þar sem aðiljar hafa eigi hirt um að upplýsa nægilega ýmis atriði, er þetta varða —, hafi runnið til þess að endurgreiða kaupfélaginu ýmsar greiðslur þess fyrir h.f. Gilslaug. Þótt þessi sparisjóðsvíxill hafi verið samþykktur af kaupfélaginu, virðist hann ekki hafa verið færður hjá því á venjulegan hátt, enda fullyrt af stefndum, að hann hafi ekki verið í þágu kaupfélagsins. Eftir því ætti víxilábyrgð kaupfélagsins, — víxil-samþykki þess —, að hafa verið lánað h.f. Gilslaug, en frekara er ekki upplýst um það. Þetta verður því eigi talið sannað. Heldur er ekkert upplýst um, að stjórn kaupfélagsins hafi af félagsfundi verið heimilað að hafa slíkar greiðslur fyrir hlutafélagið, sem ella voru stjórn kaupfélagsins með öllu óheimilar. Heldur ekki verður talið sannað, að útvegsbankavíxlinum hafi verið varið til greiðslu á sparisjóðsvíxlinum,

þótt nokkrar líkur mæli með því. Verður að telja, að þessar aðstæður breyti í engu niðurstöðu málsins hér að framan og stefndan beri því að sýkna af kröfum stefnanda.

Eftir ástæðum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, Siglufirði, sé sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 11. maí 1949.

Nr. 99/1946. **Sófus Bender og Hörður Jónsson**

(Theodór B. Líndal)

gegn

Jóni Sveinssyni og gagnsök (Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-
björnssonar.

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1946. Þeir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins. Til vara gera þeir þá kröfu, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og að málskostnaður verði þá látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. ágúst 1946, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum kr. 1629.58 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júní 1945 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.